

## **11. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)**

**haldinn þriðjudaginn 15. ágúst 2017 kl. 9:30**

**Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4**

---

### **Viðstaddir:**

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra, Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sigrún Blöndal, formaður SSA boðuðu forföll.

*Aðrir:* Gylfi Ólafsson (FJR), Jón Geir Pétursson (UAR), Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Steinar Kaldal (UAR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

---

### **1. Fundargerð síðasta fundar (*ferðamálaráðherra*)**

Samþykkt.

### **2. Kynning á verkefni: Polmarkarannsókn um fjölda ferðamanna á Íslandi (*EFLA*)**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að á vegum Stjórnstöðvar hefði verið kallaður saman vinnuhópur vegna verkefnisins sem í hefðu átt sæti auk hans sjálfs Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir frá RMF og Gunnar Þór Jóhannesson. Óskað hefði verið eftir forathugun hjá fjórum aðilum og síðan ákveðið að biðja tvo, þ.e. Deloitte og EFLU, að vinna ítarlegri tillögur.

Fulltrúar EFLU, Guðmundur Þorbergsson, Ólafur Árnason og Eva Dís Þórðardóttir gerðu síðan grein fyrir aðferðafræði EFLU við að nálgast verkefnið.

Þegar gestir höfðu vikið af fundi ræddi stjórnin málið og mögulegt framhald þess sín á milli. Framkvæmdastjóra falið að móta verkefnið betur og ráðfæra sig jafnframt við Ríkiskaup. Sérstaklega var rætt um mikilvægi þess að stýrihópur verkefnisins yrði skipaður fulltrúum allra sem aðild eiga að Stjórnstöðinni. Jafnframt kom fram að ef af því yrði að ráðist yrði í verkefnið yrði það greitt af sk. „rannsóknarfé“ ársins 2017.

### **3. Forgangsverkefni í verkefnaáætlun 2016-2017, sbr. bls. 9 í Vegvísi (*framkvæmdastjóri*)**

#### **a. Staða verkefna í forgangslista og endurskoðun/uppfærsla.**

Framkvæmdastjóri fór yfir uppfært yfirlit um stöðu forgangsverkefna skv. framlögðum fundargögnum og minnti á að samkvæmt Vegvísi í ferðamálum skyldu forgangsmál endurskoðuð af Stjórnstöð árlega.

#### **b. Fjárlagagerð 2018 m.t.t. endurskoðunar/uppfærslu á forgangslista**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að rétt væri að skoða hvernig áherslur sem snúa að ferðamálum birtust í fjárlagagerð. Ferðamálaráðherra kallaði eftir sjónarmiðum Samtaka ferðaþjónustunnar varðandi forgangsroðun og ákveðið að slíkum tillögum yrði skilað skriflega. Fjármálaráðherra og umhverfisráðherra gerðu einnig grein fyrir sínum sjónarmiðum.

### **4. Staða verkefna (*framkvæmdastjóri*)**

#### **a. Forgangsmál vegna aukningar ferðamanna á árinu 2017**

Málið var tekið af dagskrá.

#### **b. Áreiðanleg gögn**

Ekki náðist að ræða málið efnislega, en í framlögðum fundargögnum er yfirlit yfir stöðu verkefnisins Áreiðanleg gögn: Mælaborð ferðaþjónustunnar. Ákveðið að SF muni sjá um utanumhald og rekstur verkefnisins a.m.k. fram yfir áramót.

### **5. Verkefni framundan (*framkvæmdastjóri*)**

#### **a. Þolmarkarannsókn um fjölda ferðamanna á Íslandi (lokið f. áramót)**

Verkefnið er í farvegi, sbr. dagskrárlíð 2.

#### **b. Stefnumótun ferðaþjónustu á Íslandi (sept. 2017 – júní 2018)**

##### **i. Stefnumótun ferðaþjónustu 1990 til 2015**

##### **ii. Stefnumótun ferðaþjónustu 2019 – 2025 (jan. – júní 2018)**

#### **c. Skipan ferðamála á Íslandi**

Umræða um b- og c-liði var sameinuð. Vísað var til skýrslu Reynis Kristinssonar ráðgjafa sem var kynnt fyrir Stjórnstöð á vordögum. Ferðamálaráðherra boðaði að hún myndi á næstunni leggja fram tillögur til athugunar varðandi stefnumótun og framtíðarskipan málaflokksins og gerði jafnframt grein fyrir því að lagafrumvörp á sviði ferðamála væru í vinnslu í ráðuneytinu. Jafnframt var minnt á að Ríkisendurskoðun myndi skila stjórnsýsluúttekt um ferðamál með haustinu.

#### **d. Leiðir til að fyrirbyggja svarta atvinnustarfsemi (ágúst – nóv.)**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að hann ásamt starfsmanni Stjórnstöðvar ætti bókaðan fund með ríkisskattstjóra 16. ágúst til að fara yfir stöðu mála.

### **6. Bílastæðagjöld á svæðum í eigu ríkisins (SAF)**

Helga Árnadóttir gerði grein fyrir málinu. Hún kvað SAF hafa talað fyrir bílastæðagjöldum en ekkert væri hins vegar hlustað á brýningu samtakanna um að kerfið yrði haft skilvirkt, einfalt og einsleitt auk þess sem breytingar væru gerðar með litlum sem engum fyrirvara sem gerði greininni nánast ókleift að aðlagast þeim.

Stjórnarmenn ræddu málið sín á milli og mikilvægi þess að í gildandi lagaumhverfi endurspeglaði gjaldtakan þjónustuna sem veitt væri. Einnig var rætt um mikilvægi þess að samræmi væri milli þjóðgarða í þessum og fleiri málum og að virkar sektarheimildir væru til staðar ef menn virtu gjaldtöku að vettugi.

### **7. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild til að ráða starfsmann til áramóta til að halda utan um gagnagrunnsverkefnið, sbr. líð 4.b. Síðan þyrfti að finna verkefninu varanlega heimilisfesti, en helst kæmi til greina að hún yrði hjá Hagstofunni, Ferðamálastofu eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Samþykkt.

Þá gerði framkvæmdastjóri grein fyrir verkefni um talningar ferðamanna og viðræðum sínum við ISAVIA því tengdu.

Loks gerði hann grein fyrir því að tillögur um uppfærslu á forgangslista Vegvísis yrðu lagðar fyrir stjórn eftir 1-2 mánuði og ítrekaði mikilvægi þess að mælikvörðum og markmiðum Vegvísis yrði komið inn í gagnagrunnsverkefnið, sem og þeim mælingum sem myndu koma út úr þolmarkarannsókn ef ráðist yrði í hana.

Fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 5. september kl. 9:30.